

Samkvæmt framansögðu ber að leggja óskipta sök vegna áreksturs þessa á ökumann bifreiðarinnar E-479, stefnda Sigurbjörn Þ. Guðmundsson.

Þar sem ekki er tölulegur ágreiningur um fjárkröfur stefnanda, ber að taka þær að öllu leyti til greina og dæma báða stefndu til að greiða stefnanda in solidum kr. 28.000.- með 34% ársvöxtum frá 4. júní 1981 til 22. október 1981, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags, 6. júlí 1982, og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins verða stefndu dæmdir til að greiða stefnanda óskipt málskostnað, sem ákveðst kr. 8.000.-.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Sigurbjörn Þ. Guðmundsson og Tryggingamiðstöðin h/f, greiði in solidum stefnanda, Haraldi Magnússyni, kr. 28.000.- með 34% ársvöxtum frá 4. júní 1981 til 22. október 1981, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 6. júlí 1982, og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 8.000.- í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 21. júní 1984.

Nr. 59/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Þormóði Magnúsi Guðlaugssyni

(Jón Ólafsson hrl.)

Bann við hundahaldi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 20. mars 1984. Málinu er áfrýjað að ósk ákærða og

einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 17. apríl.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms og færslu til refsíákvæða. Einnig þykir mega fallast á ákvörðun hans um refsingu ákærða, en greiðslufrest sektar ber að telja frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, en greiðslufrestur sektar skal vera 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Þormóður Magnús Guðlaugsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. febrúar 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 2. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 38/1984: Ákærvaldið gegn Þormóði Magnúsi Guðlaugssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 16. janúar 1984, gegn ákærða Þormóði Magnúsi Guðlaugssyni öryrkja, Bauganesi 21, Reykjavík, fæddum 15. mars 1916 á Skagaströnd, „fyrir að hafa, eftir áfellsdóm sakadóms Reykjavíkur yfir ákærða, sem kveðinn var upp 5. október 1981 og birtur honum þá, fyrir hundahald í Reykjavík, haldið hund þar áfram, án þess að hafa til þess leyfi.

Telst brot hans varða við 1. gr., sbr. 2. gr. reglugjörðar um hundahald í Reykjavík nr. 61, 1924 og 65. gr., sbr. 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2, 1930 með áorðnum breytingum, sbr. 1. og 7. gr. laga um hundahald og varnir gegn sullaveiki nr. 7, 1953, sbr. 10. gr. laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 34, 1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga nr. 75, 1982.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum málsins.:

Síðdegis miðvikudaginn 9. nóvember 1983 fóru lögreglumenn úr Reykjavík á heimili ákærða vegna kvartana íbúa við sömu götu. Viðurkenndi hann að halda hund þann, er mál þetta snýst um. Hundurinn, sem er af Pudle kyni, var þá innan dyra.

Ákærði var yfirheyrður fyrir lögreglu þann 29. sama mánaðar. Kvaðst hann eiga framangreindan hund, sem gegndi nafninu „Busla“, og hefði hann átt hundinn, sem nú væri 4 ára, frá upphafi. Kvaðst hann vita, að hundahald væri óleyfilegt í borgarlandinu, en engu að síður ætlaði hann að halda hundinn áfram.

Ákærði kom fyrir dóm nú í dag og kvaðst enn halda margnefndan hund og staðfesti framburð sinn fyrir lögreglu.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 5. október 1981, var ákærði sakfelldur fyrir sams konar brot og fjallað er um í dómi þessum. Var hann dæmdur fyrir að halda sama hund og mál þetta snýst um á heimili sínu í Reykjavík frá því um sumarið 1979 til mánudagsins 1. júní 1981.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Niðurstöður.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa haldið hund á heimili sínu þann tíma, sem í ákæru greinir.

Brot það, sem ákærði er sakaður um, er í eðli sínu ástandsbrott, en það er meginregla laga, að fyrir þau brott verði eigi refsað nema í eitt skipti. Hins vegar er talið, að framangreindur dómur sakadóms Reykjavíkur frá 5. október 1981 hafi rofið ástandsbrott ákærða, og verður því litið svo á sem nýtt brott hafi hafist upp frá þeim degi.

Með hliðsjón af játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er ákærður fyrir. Varðar brott hans við 65. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2, 1930 með áorðnum breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 7, 1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki; sbr. og dómur Hæstaréttar í hæstaréttardómasafni XLVI (1975), bls. 601 og LIV (1983) frá 7. júní.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík og 7. gr. laga nr. 7, 1953, sbr. 10. gr. laga nr. 75, 1982 um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, sbr. 1. nr. 34, 1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga. Þykir refsing ákærða, sem er öryrki, hæfilega ákveðin 3.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en ella sæti ákærði varðhaldi í 8 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þormóður Magnús Guðlaugsson, greiði krónur 3.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 8 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 21. júní 1984.

Nr. 79/1984. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Önnu Kristjánsdóttur

(Haraldur Blöndal hrl.)

Bann við hundahaldi. Staðfesting laga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 29. mars 1984. Málinu er áfrýjað að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar. Ágrip málgagna barst Hæstarétti 30. apríl.

Meðal gagna máls þessa fyrir héraðsdómi var bréf forsætisráðuneytisins til dómara málsins, dagsett 14. júlí 1983. Þar segir m.a. svo:

„1. Friðjón Þórðarson dómsmálaráðherra, gegndi störfum forsætisráðherra 13. maí 1982 sem staðgengill Gunnars Thoroddsens.

2. Lög nr. 75 1982 voru endurstaðfest af forseta Íslands í ríkisráði 14. október 1982.“

Lög nr. 75/1982 voru, eins og í héraðsdómi greinir, staðfest 13. maí 1982 með undirritun forseta Alþingis, forseta Hæstaréttar og Friðjóns Þórðarsonar dómsmálaráðherra, sem samkvæmt áðurgreindu bréfi forsætisráðuneytisins gegndi störfum forsætisráðherra. Verður að telja, að lögin hafi þannig verið sett með stjórn-